

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Teams

Dagsetning: 17. febrúar 2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Raket Lind Hauksdóttir (RLH), Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir (SBS), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ). Þá var framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) mætt.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Núgildandi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.
3. Afstaðnir viðburðir - Fjölmiðlaverkefni.
4. Afstaðnir viðburðir - Hátíð og Hádegi með stjórn ofl.
5. Sýnileikadagurinn eftir tíu daga - í takt við nýja tíma.
6. 8. mars og Kauphöll
7. Þjónustukönnun. Staða s.s. svörun.
8. VR staðan og næstu skref.
9. Mundakot og staða á yfirfærslu. Endaleg rekstraráætlun samþykkt.
10. Fjárhagsáætlun og ársreikningur.
11. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

1. Dagskrá stjórnarfundar

HRÁ fór yfir dagskrá fundarins.

2. Núgildandi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

AR fjallaði um stöðu mála innan FKA með tilliti til gildandi sóttvarnareglna og fjöldatakmarkana.

AR greindi frá því að hún hefði átt samtal við félagskonur FKA um að beðið verði með að halda viðburði og fara í rútuferð enda legði félagið mikla áherslu á að sóttvarnareglur væru virtar.

3. Afstaðnir viðburðir - Fjölmiðlaverkefni.

Stjórn hrósaði UEJ fyrir vel heppnað fjölmiðlaverkefni sem gekk vel í alla staði. Mikil ánægja var með verkefnið á meðal þátttakenda. Sigrún hjá RÚV á hrós skilið fyrir

frammistöðu sína. Fram kom að mikil eftivænting væri fyrir því að halda fjölmiðladaginn að ári.

HRÁ greindi frá því að á þessu ári hafi fjölmiðlaverkefninu eingöngu verið sinnt að hluta til frá því sem verið hefur á umliðnum árum. Að þessu sinni var fjölmiðlaþjálfun sinnt en engin rannsóknarúttekt Creditinfo framkvæmd. Ekki gafst færi á að sinna rannsóknarhlutanum á þessu ári en æskilegt væri að það yrði framvegis gert.

4. Afstaðnir viðburðir – FKA Hátíð og hádegi með stjórn ofl.

AR greindi frá því að Viðurkenningarhátíðin sem sjónvarpað var á Hringbraut í lok janúar hafi tekist einstaklega vel. Það hafi verið mikill varnarsigur hvernig hátíðin fór fram á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru. Þá fjallaði AR um að mikil ánægja væri hjá Torgi með samstarfið við FKA og að mikil dreifing hefði farið fram á samfélagsmiðlum.

ÁG greindi frá því að mikil ánægja væri með hátíðina, bæði hjá FKA konum og fólki utan FKA.

5. Sýnileikadagurinn eftir tíu daga - í takt við nýja tíma.

VJ fjallaði um Sýnileikadaginn sem haldinn verður eftir 10 daga. VJ sýndi okkur glæsur í tengslum við undirbúning dagsins. Um 200 konur væru skráðar á fundinn. Almannaatengsl (PR áætlun) væri í höndum Írisar og Steinunnar. Hringbraut ætlar að vera með í samstarfi sem gæti verið birt á Sýnileikadeginum (t.d. myndband). Advania hefur hafist handa við að setja lausnina upp.

Viðburðurinn verður í formi fyrirlestra. Rætt um mögulega gagnvirka viðburði sem stefnt er að því að halda í framhaldi af Sýnileikadeginum í takt við áherslur þeirra sem svara munu könnun sem stefnt er að því að senda út í kjölfar dagsins.

6. 8. mars og Kauphöll

Alþjóðadagur kvenna verður haldinn 8. mars nk. FKA hefur verið í fararbroddi að halda þennan dag hátíðlegan ár eftir ár. AR hefur verið í sambandi við Jónínu Bjartmarz sem jafnframt hefur boðið FKA að taka þátt í samstarfi við UN Women. AR mun halda fund með Jónínu til að ræða hvað verði gert á Alþjóðadaginn.

Stjórn samþykkti að leggja til við Alþjóðadeild að bjóða New Icelandairs velkomnar á þennan viðburð. RLH hyggst ræða þetta innan Alþjóðanefndar með þeirri áherslu að þessi dagur væri verkefni Alþjóðanefndar.

7. Þjónustukönnun

Með þjónustukönnun FKA fékkst mjög góð endurgjöf á starfsemi félagsins. Könnunin leiddi í ljós að langflestar félagskonur væru ánægðar með störf félagsins. Almenn ánægja væri með rafræna fundi. Stjórn félagsins ákvað að birta niðurstöður þessarar könnunar fyrir félagskonum.

Þá ákvað stjórn að setja könnunina í hvíld og setja hana aftur í loftið að loknum Sýnileikadags. Vinna þarf úr niðurstöðum þjónustukönnunarinnar og birta þær síðan fyrir félagskonum.

VJ ætlar að birta niðurstöðu könnunarinnar fyrir stjórnarkonum þannig að þær sjái niðurstöður hennar og hverju félagskonur vilja koma á framfæri.

8. VR staðan og næstu skref. Rannsókn? JV?

HRÁ og AR fóru á fund með VR vegna beiðni VR um að fá aðild að Jafnvægisvuginni. Jafnvægisvugin er í raun eina verkefni FKA sem er fullfjármagnað og góð samstaða meðal þeirra aðila sem teljast vera virkir þátttakendur í verkefninu. Þetta var upplýst á fundi með VR í haust og falast eftir því að VR kæmi að öðru verkefni í samstarfi við FKA.

Jafnréttisnefnd VR hefur úthlutað 2 milljónum í verkefni í samstarfi við FKA. Verkefnið er á vinnslustigi og verður tekið áfram í samráði við VR.

9. Mundakot og staða á yfirfærslu. Endanleg rekstraráætlun samþykkt.

HRÁ fjallaði um að yfirfærslan til Mundakots gengi mjög vel. UEJ og AR hafa unnið þétt með Margréti hjá Mundakoti að yfirfærslu bókhaldsins til Mundakots.

10. Fjárhagsáætlun og ársreikningur.

AR gerði stjórn grein fyrir smávægilegum breytingum sem gerðar voru á ársreikningi félagsins frá síðasta fundi stjórnar. Kynntar voru smávægilegar breytingar á fjárhagsáætlun frá síðasta fundi. Stjórn staðfesti áætlunina eins og hún liggur fyrir. Áætlun gerir ráð fyrir að rekstur FKA verði réttu megin við núllið.

Stjórn fjallaði um fyrirspurn frá stóru félagi þess efnis hvort félagið gæti veitt starfsmönnum þess afslátt af félagsgjöldum. Niðurstaða stjórnar var sú að málið þarfnist vandlegar skoðunar en út frá jafnræðissjónarmiðum væri ólíklegt að unnt yrði að verða við beiðni félagsins. Stjórn taldi álitlegri kost að miða við velunnarra samstarf þar sem fyrirtæki styrkti FKA veglega en fengi á móti að bjóða tilteknum fjölda starfsmanna í félagið.

AR greindi frá því að Sigríður eigandi Birtings hefði sett sig í samband við hana varðandi það að Birtingur myndi gefa út blað þar sem FKA myndi fá töluvert rými í blaðinu ásamt hlekk inn á blaðið. Hugmyndin væri sú að það verði viðtöl við FKA konur í blaðinu og að um yrði að ræða sömu áherslur og þegar um sérblöð er að ræða.

Stjórn ákvað að ársfundur FKA yrði haldinn 19. maí nk. Ákveðið að stefna að „Hybrid“ fundi, þ.e. bæði rafrænum og raunheimafundi og rafrænum kosningum þar sem öllum félagskonum sem skráðar eru á fundinn gefst kostur á að kjósa.

11. Önnur mál.

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.
